# ALMENNAR SKÝRINGAR.

ÖLL MÁL ERU Í MILLIMETRUM.
RAFLAGNAEFNI, LAMPAR OG ANNAR BÚNAÐUR SKAL VERA SAMÞYKKTUR AF VIÐURKENNDUM PRÓFUNARSTOFNUNUM, SEM
BRUNAMÁLASTOFNUN VIÐURKENNIR UM FAGLEGAN FRÁGANG VÍSAST TIL KAFLA Í ÁKVÆÐISVINNUGRUNDVELLI RAFVIRKJA, UM VINNUBRÖGÐ.

SANNREYNA SKAL UPPGEFINN VÍRA OG PÍPUFJÖLDA.
ÖLL TÁKN ERU TÁKNRÆN OG BER AÐ SAMRÆMA LAGNIR AÐ TÆKJUM EFTIR AÐSTÆÐUM OG SÉRTEIKNINGUM.

## PÍPUR, DÓSIR OG TENGIBOX

PÍPUR SKULU VERA 16MM PLASTPÍPUR, NEMA ANNARS SÉ GETIÐ. ÞAR SEM PÍPUR STANDA ÚT ÚR VEGGJUM,
GÓLFI EÐA LOFTI, GANGA SKAL ÞANNIG FRÁ PÍPUENDUM AÐ VATN OG ÓHREININDI
KOMIST EKKI INN Í ÞAU. DÓSIR SKULU VERA TRYGGILEGA FESTAR, ÞÆR SKULU VERA VANDAÐAR OG ÚR PLASTI. LOFTDÓSIR SKULU HAFA SKRÚFUFESTINGU FYRIR LAMPA. ROFA OG TENGLADÓSIR HAFI SKRÚFUFESTINGU
FYRIR VIÐKOMANDI BÚNAÐ. ALLAR DÓSIR SKULU VERA SLÉTTAR VIÐ ENDANLEGAN FLÖT.
ÞÉTTLEIKI DÓSA OG TENGIBOXA GEGN RAKA, RYKI OG ÓHREININDUM SKAL MIÐAST VIÐ ÞAÐ RÝMI SEM DÓSIN ER SETT Í. ROFAR SKULU VERA Í 1100MM HÆÐ FRÁ FULLFRÁGEGNU GÓLFI, MÆLT Í MIÐJA DÓS. TENGLAR
SKULU VERA Í 200MM HÆÐ MÆLT Í MIÐJA DÓS. EF ROFA/TENGLA DÓSIR ERU SETTAR LÓÐRÉTTAR UPP FRÁ
HVORRI ANNARI ÞÁ SKAL HÆÐ EFSTU DÓSAR, MÆLT Í MIÐJA DÓS VERA 1100MM. ROFAR OG TENGLAR Í SÖMU
EININGU SKULU VERA Í 1100MM HÆÐ FRÁ GÓLFI MÆLT Í MIÐJA EFSTU DÓS.
STAÐSETNING DÓSA FYRIR VEGGLJÓS SKAL M.V. INNRÉTTINGATEIKINGAR, UPPGEFIN MÁL ERU LEIÐBEINANDI

## SPENNUJÖFNUN.

SPENNUJÖFNUN HREINLÆTISTÆKJA AFRENNSLIS OG VATNSPÍPNA SKAL FRAMKVÆMA SAMKV. REGLUGERÐ UM
RAFORKUVIRKI GR. 338. TIL SNERTISPENNUVARNAR SKAL BEITA NÚLLUN OG LEKASTRAUMSVÖRN.

## TENGLAR OG ROFAR

ALLIR ROFAR OG TENGLAR SKULU VERA AF VANDAÐRI GERÐ OG ROFAR SKULU GERÐIR FYRIR A.M.K.
10 A OG TENGLAR FYRIR 16 A MÁLSTRAUM MIÐAÐ VIÐ 230V SPENNU OG 50 RIÐ.

## DREIFISKÁPAR.

INNAN Á HURÐ SKAL MERKJA ALLAR GREINAR. Í DREIFISKÁPA SKAL KOMA ALLUR BÚNAÐUR SAMKV.
EINLÍNUMYNDUM. JARÐSKINNUR SKULU VERA ÚR EIR. LEKASTRAUMSROFAR SKULU VERA MEÐ ÚTLEYSINGU
SAMKV. EINLÍNUMYND OG RJÚFA ALLA PÓLA SAMTÍMIS. ROFGETA ÞEIRRA SKAL VERA MINNST 10 KA.
ÞEIR SKULU EINNIG HAFA PRÓFUNARHNAPP. SJÁLFVÖR SKULU VERA FYRIR MINNST 10 kA. SKAMMHLAUPSSTRAUM.
FLEIRPÓLA GREINAR EIGA AÐ SETJA SJÁLFVARIÐ ÚT EF EINN PÓLL VERÐUR YFIRLESTAÐUR. SJÁLFVÖR SKULU VERA
MEÐ YFIR–OG SKAMMHLAUPSVÖRN. BRÆÐIVARROFAR SKULU VERA GERÐIR FYRIR AÐ MINNST KOSTI
SKAMMHLAUPSROFGETU 50 KA VIÐ 400V. BRÆÐIVARROFAR SKULU VERA ÞANNIG AÐ ÞEIR RJÚFI ALLA PÓLA SAMTÍMIS.
SPÓLUROFAR SKULU ÞOLA STÖÐUGT ÁLAG.

## RAFTAUGAR OG STRENGIR.

TAUGAR SKULU VERA 3 x 1,5$mm^2$, NEMA ANNARS SÉ GETIÐ. RAFTAUGAR SKULU VERA PLASTEINANGRAÐUR EIRVÍR.
ALLAR RAFTAUGAR SKULU VERA LITAMERKTAR EFTIR FORSKRIFT FRÁ BRUNAMÁLASTOFNUN. UM GILDLEIKA VÍSAST TIL
EINLÍNUMYNDA. LEIÐARAR RAFTAUGA OG STRENGJA SKULU VERA GERÐIR ÚR EIR NEMA ANNARS SÉ GETIÐ.
EINANGRUNARKÁPA ÞEIRRA SKAL VERA ÚR PLASTI. VIÐ TENGINGU MARGÞÁTTA TAUGA SKAL NOTA KLEMMDA
STRENGSKÓ EÐA VÍRENDAHULSUR AF RÉTTRI STÆRÐ.

| | |
|---|---|
| ÁRITUN AÐALHÖNNUÐAR: 1609637519 | Jón Gísli Ólason |
| ÁRITUN HÖNNUÐAR: 1609637519 | |

| GERT | FLOKKUN | | VERKHEITI. | TEIKN. NR. | DAGS. |
|---|---|---|---|---|---|
| JGÓ | | WATT EHF | GRÆÐISBRAUT 1 | 5D | 07/03/2012 |
| SAMÞYKKT | VERKNR. | | 900 VESTMANNAEYJUM | NÆSTA TEIKN | ÚTG. |
| | 1155-3 | LÖGGILTUR RAFVERKTAKI | LÁGSPENNULAGNIR | - | A |